

(A. XX, 2).

Nd.

§3. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á 3. og 4. gr. í lögum frá 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá mentamálanefnd.

Breytingarnar, sem frv. fer fram á, eru lenging á námstíma kennaraskólans úr 6 mánuðum í 7 mánuði á ári og að ensk tunga bætist í tölu námsgreina skólans.

Þar sem hagur kennara var bættur með lögum 28. nóv. 1919, þá er það

einsætt, að betri kjörum eiga að fylgja auknar kröfur um mentun kennara. Nefndarmenn eru á eitt mál sáttir um, að setja skuli strangari skilyrði um inntöku í skólann; telja sumir rjett, að gagnfræðapróf sje gert að inntökuskilyrði, en aðrir álíta heppilegra, af ýmsum ástæðum, að inntökuskilyrðin sjeu miðuð við tveggja ára unglíngaskólanám, en vegna fjárhags ríkissjóðs sje ekki ástæða til að fara lengra í því efni að svo komnu en gert var í auglýsingu skólastjóra kennaraskólans í haust er leið. Ef námstími skólans er auk þess lengdur um einn mánuð á ári, þá vinst töluverður tími til að auka námið og kröfurnar til kennaraprófs. Það liggur í augum uppi, hvílik nauðsyn ber til að bætt sje við í tölu námsgreina skólans máli einhverra stórbjóðanna. Til þessa hefir dönsk tunga verið kend ein erlendra mála. En verði enskri tungu bætt við, eins og frv. gerir ráð fyrir, opnast kennarastjettinni víður bókmentahéimur og möguleikar til að leita til enskumælandi þjóða á námsferðum sínum.

Kostnaðarauki fyrir ríkissjóð er hverfandi lítill eða sama og enginn af þessum breytingum. Daglegur námstími í hverri deild er svo langur, að ekki verður á það bætt, enda auðvelt að draga af öðrum námsgreinum sem nemur því, er varið verður til enskukenslunnar, þar sem hert hefir verið á inntökuskilyrðunum. Kostnaður við ræsting, ljós og hita verður því sem næst hinn sami og verið hefir, því að æfingaskóli kennaraskólans hefir jafnan staðið frá 1. okt. til 15. maí. Námskostnaður nemenda eykst að visu nokkuð, en þó ekki yfirleitt sem nemur dvalarkostnaði og atvinnumissi í einn mánuð, því bæði er 1.—20. október verðlitill tími fyrir þá, sem vinna fyrir kaupí, og oft stendur svo á ferðum, að nemendur verða að koma á líkum tíma til Reykjavíkur og nemendur annara skóla, sem byrja 1. október.

Af ofangreindum ástæðum leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 5. mars 1924.

Magnús Jónsson,
form.

Ásgeir Ásgeirsson,
fundaskrifari og framsm.

Bernh. Stefánsson.

Sigurjón Jónsson.

Jón Kjartansson.